

Lykilskilaboð fyrir gjörgæsludeild [læknar og stjórnendur]

Verkefni

Grunnverkefni til að bæta notkun sýklalyfja á þinni deild eru t.d.:

- Fylgja aðferðarlýsingu fyrir sýklalyfjameðferðir sem byggir á gagnreyndum viðmiðunarleiðbeiningum (t.d. fyrir blóðsýkingar) [90].
- Þekkja staðbundið mynstur sýklalyfjaónæmis á þinni deild, sjúkrahúsi og í samfélaginu [31,72].
- Standa fyrir reglulegum þverfaglegum starfsmannafundum og umræðum um einstök tilfelli til að bæta gæði sýklalyfjameðferða [72].
- Endurmeta sýklalyfjameðferðir í ljósi klínískra aðstæðna eftir 48-72 klst., eða um leið og niðurstöður sýklarannsóknna liggja fyrir, til að [31,42,70-72]:
 - skipta yfir í sýklalyf með þrengra virknisvið;
 - halda sýklalyfjameðferð áfram eða stöðva hana;
 - skipta yfir í inntöku sýklalyfs um munn.
- Innleiða áætlanir um sýkingavarnir og -stjórnun, þ.m.t. [86,87,105]:
 - símenntun starfsfólks,
 - handþvottur,
 - umhverfishreinsun,
 - virkt eftirlit,
 - snertivarnir,
 - gangreyndar aðferðir,
 - innleiðing eftirlitskerfis fyrir spítalasýkingar.
- Taka þátt í fræðsluviðburðum með reglulegu millibili ásamt forvirku eftirliti og endurgjöf í samstarfi við stýrihópi um sýklalyf [54,56].

Atriði sem þú ættir að vita

- Að nota sýklalyf með þrengri virkni og aðlögun sýklalyfjameðferða hefur í för með sér betri horfur hjá sjúklingi [106].
- Aðferðir sýkingavarna- og stjórnunar draga úr tilfellum sýkinga innan heilbrigðisstofnana. Nokkur dæmi:
 - Að fylgja leiðbeiningum um umönnun fyrir æðaleggi (ísetning og viðhald) dregur úr sýkingum sem tengjast æðalegg á öllum tegundum gjörgæsludeilda (fyrir fullorðna og nýbura) [107].
 - Forvarnagátlistar geta komið í veg fyrir lungnabólgu tengda öndunarvélum á gjörgæsludeildum fyrir fullorðna [108].

Það sem þú getur gert

9. Innleiddu leiðbeiningar (viðmiðunarleiðbeiningar, aðferðarlýsingar og gátlista) fyrir aðferðir sýkingavarna og -stjórnunar í samstarfi við teymi sýkingavarna [86,87] [samhljóða sérfræðiálit].
10. Fylgdu leiðbeiningum fyrir sýklalyfjameðferðir sem byggir á gagnreyndum viðmiðunarleiðbeiningum og eru til staðar í þínu umhverfi [31] [samhljóða sérfræðiálit].
11. Aldrei byrja sýklalyfjameðferð nema að það sé ótvírætt að um bakteríusýkingu sé að ræða og ekki meðhöndla bólfestu [31].
12. Reyndu að forðast óparfar forvarnir með sýklalyfjum [31].
13. Grannskoðaðu sögu sjúklings þegar þú ávísar sýklalyfjum, þ.m.t. nýlega sýklalyfjanotkun, lyfjaofnæmi, ónæmisbælandi meðferðir og áhættuþætti fyrir sýklalyfjaónæmi (t.d. nýleg dvöl á sjúkrahúsi, nýleg meðferð eða nýleg ferð utan Evrópu) [31].
14. Ef þú ert í vafa um að ávísa sýklalyfjum skaltu gera eftirfarandi [25,26,53,70] [samhljóða sérfræðiálit]:
 - Athugaðu staðbundin, svæðisbundin og landsbundin faraldsfræðileg gögn.
 - Ráðfærðu þig við reyndari starfsmann eða aðila í stýrihópi um sýklalyf.
15. Skrásettu ábendingu fyrir sýklalyfjameðferð, lyfjaval, skammt, inntökuleið og lengd meðferðar í sjúkraskrá sjúklings [31,42,70,71].
16. Byrjaðu markvissa sýklalyfjameðferð hjá sjúklingum með blóðsýkingu í gegnum bláæð um leið og mögulegt er [90].
17. Gakktu úr skugga um að sýni til ræktunar séu rétt tekin og send í ræktun á sýklarannsóknadeild, áður en sýklalyfjameðferðin hefst [31,42,70,71].
18. Svaraðu eftirfarandi lykilspurningum við endurmat á sýklalyfjameðferð eftir 48-72 klst. (eða um leið og niðurstöður örverurannsóknar eru ljósar) [42,70]:

Er sjúklingurinn með sýkingu sem mun bregðast við sýklalyfjum?
Ef já;

 - i. Er sjúklingurinn á réttum sýklalyfjum, er skammturinn réttur og er inntökuleið rétt?
 - ii. Væri hægt að nota sýklalyf með þrengra virknisvið til meðferðar gegn sýkingunni?
 - iii. Hversu lengi ætti sjúklingurinn að fá sýklalyf?
19. Ef þú sérð samstarfsfólk á sjúkrahúsi eða heilbrigðisstofnun brjóta gegn viðmiðunarleiðbeiningum eða aðferðarlýsingu, spurðu af hverju það gerði það og láttu það fá upplýsingar til þess að það geri sér grein fyrir mistökum sínum [69] [samhljóða sérfræðiálit].
20. Taktu reglulega þátt í námskeiðum og fundum sem stuðla að því að sjúkrahúsin innleiði: a) skynsama sýklalyfjanotkun, b) gagnreyndar og staðbundnar viðmiðunarleiðbeiningar í tengslum við sýklalyf og c) sýkingavarnir og stjórnunaraðgerðir í tengslum við þær [52,53].